

FORSÆTISNEFND 5. október 2020: Tillaga um fyrirkomulag á fundi borgarstjórnar 6. október vegna takmarkana í samkomubanni.

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki eftirfarandi fyrirkomulag á fundi borgarstjórnar 6. október nk. vegna sóttvarnarráðstafana og fjöldatakmarkana:

Í fundarsal borgarstjórnar munu taka sæti ellefu kjörnir fulltrúar, fimm fulltrúar meirihluta og fimm fulltrúar minnihluta, auk forseta borgarstjórnar. Oddvitar borgarstjórnarflokka, fulltrúar í forsætisnefnd og tillöguflytjendur skulu hafa forgang. Til að tryggja samfellu í störfum borgarstjórnar þótt upp komi smit skal einungis hluti varaforseta taka sæti í salnum. Aðrir borgarfulltrúar skulu taka sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði að heiman. Þeir borgarfulltrúar sem ekki hafa aðstöðu til að taka fjarfund að heiman eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu borgarstjórnar eins skjótt og unnt er og í síðasta lagi fyrir kl. 11.00 á fundardegi. Salur borgarstjórnar og áhorfendapallar verða lokaðir en fundinum verður streymt á vef Reykjavíkurborgar.

Á meðan á fundi stendur eru borgarfulltrúar minntir á að virða gildandi fjarlægðarreglur og hafa a.m.k. einn metra á milli einstaklinga og nota andlitsgrímu sem hylur bæði nef og munn þegar ekki er hægt að tryggja fjarlægðarmörk. Mikilvægt er að borgarfulltrúar sitji í sæti sínu á meðan á fundinum stendur m.a. til að veita andsvör og lesa bókanir. Þegar borgarfulltrúar taka til máls úr pontu skulu þeir gæta að fjarlægðartakmörkunum og sóttþreinsun sameiginlegra snertiþlata.